

Mánudaginn 5. maí 1958.

Nr. 100/1957. **Björn Mekkinósson**

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Vigfúsi Sigurðssyni

og

Sigurbjarti Vilhjálmssyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur
Jóhannesson.**

Endurgreiðslukrafa. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1957. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur því verið haldið fram af hálfu hinna stefndu, að þeir hafi aðeins tekið við skuldakröfunum á hendur Magnúsi Guðmundssyni í innheimtuskyni, en ekki sem endanlegri greiðslu á andvirði bifreiðarinnar. Í kröfubréfi því, er lögfræðingur stefndu sendi áfrýjanda 7. október 1955, er því hins vegar lýst, að hluti af kaupverði bifreiðarinnar hafi verið greiddur með skuldakröfunum, og sama orðalag er haft í héraðsstefnu. Ofangreind málsástæða er ekki höfð uppi í greinargerð stefndu í héraði, og ekki verður séð, að hún hafi komið fram við munnlegan málflutning þar. Verður því að telja þessa málsástæðu of seint fram komna hér fyrir dómi gegn andmælum áfrýjanda.

Áfrýjandi hafði átt og haft í fórum sínum frá því sumarið 1954 skuldaskilríki þau á hendur Magnúsi Guðmundssyni, sem hann afhenti stefndu í sambandi við bifreiðarkaupin

hinn 15. júní 1955. Sannað er í máli þessu, að Magnús Guðmundsson var kominn í stórfelld vanskil við lánardrottna sína þegar á árinu 1954 og að hann var kominn í alger greiðslubrot snemma í júnimánuði 1955. Áfrýjandi, sem var kunningi Magnúsar, hafði tvívegis á árinu 1955 reynt að koma af sér skuldakröfunum á Magnús í viðskiptum við aðra aðilja, en án árangurs. Af þessu og öðrum atvikum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, er ljóst, að áfrýjandi hefur ekki gengið þess dulinn, þegar kaupin gerðust, að skuldakröfurnar á hendur Magnúsi voru litils eða einskis virði. Þrátt fyrir það gat hann þess að engu við stefndu, hvernig högum Magnúsar var komið. Ber því með skírskotun til 30. gr. laga nr. 7/1936 að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Mekkinósson, greiði stefndu, Vigfúsi Sigurðssyni og Sigurbjarti Vilhjálmsystemsni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í héraðsdómi segir, seldu stefndu í júní 1955 áfrýjanda bifreið, G 908, fyrir kr. 25.000.00. Fyrir kr. 21.260.00 afhenti áfrýjandi þeim „víxla“, sem nafngreindur þriðji maður hafði samþykkt, en „víxlarnir“ voru þá óútgefnir og án útgáfudags. Eigi hefur tekizt að innheimta víxla þessa, og sækja stefndu því áfrýjanda til greiðslu á þeim hluta bilverðsins, sem greiðast skyldi með víxlunum, auk kostnaðar af málaferlum stefndu á hendur víxilsamþykkjanda, alls kr. 22.860.00, auk 6% vaxta frá 14. nóvember 1955.

Stefndu hafa m. a. stutt mál sitt þeim rökum í Hæstarétti,

að þeir hafi eigi tekið við „víxlunum“ á hendur hinum nafngreinda manni sem fullnaðargreiðslu án tillits til greiðslugetu hans. Þar sem hann hafi reynzt ógjaldfær, sé sá hluti bilverðsins, sem greiða skyldi með „víxlunum“, enn ógreiddur. Það þykir mega leggja dóm á þessa varnarástæðu samkvæmt analogiu 113. gr. laga nr. 85/1936. Eigi hafa verið færðar sönnur á það af hendi áfrýjanda, að stefndu hafi tekið „víxlunum“ sem fullnaðargreiðslu á andvirði bílsins. Víxlarnir reyndust óinnheimtanlegir. Áfrýjandi hefur því enn eigi staðið skil á andvirði bílsins. Eiga stefndu þannig kröfu á hendur áfrýjanda til þess og svo kostnaðar af málaferlum vegna víxlanna.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er ég samþykkur niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 19. marz 1957.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. október 1955, af Vigfúsi Sigurðssyni forstjóra og Sigurbjarti Vilhjálmsyni trésmið, báðum hér í bæ, gegn Birni Mekkinóssyni, Skólabraut 15, Seltjarnarnesi, til greiðslu á kr. 20.360.00 auk 6% ársvaxta frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins leiðrétti umboðsmaður stefnenda samlagningarskekkju að upphæð kr. 2.500.00, sem stefnukrafan á að hækka um, í kr. 22.860.00, og samþykkti umboðsmaður stefnda þá leiðréttingu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra.

Málavextir eru þessir:

Í júnímánuði 1955 seldu stefnendur máls þesa stefnda Birni Mekkinóssyni bifreið sína G 908 fyrir kr. 25.000.00.

Af kaupverðinu segja stefnendur, að kr. 21.260.00 hafi verið greitt með víxlum, sem Magnús Guðmundsson, kaupmaður í Reykjavík, hafði skrifað nafn sitt á sem samþykkjandi, en víxlar þessir voru þá óútgefnir og án útgáfudags.

Víxlarnir voru ekki greiddir á réttum gjalddögum og engin greiðsla hefur fengizt á þeim síðar, þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Stefnendurnir reyndu þá að fá stefnda til að leysa til sín aftur víxla þessa, en þar sem hann neitaði að verða við því, hafa þeir

höfðað mál þetta til greiðslu á kr. 21.260.00, sem er upphæð umræddra víxla, og innheimtukostnaði við dóm og fjárnám hjá Magnúsi Guðmundssyni, kr. 1.600.00, eða samtals kr. 22.860.00, sem er dómkrafan í máli þessu.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að hér hafi verið um að ræða svik af hálfu stefnda, sbr. 30. eða 32. gr. laga nr. 7/1936, því stefnda hafi verið fullkunnugt um, að Magnús Guðmundsson, samþykkjandi umræddra víxla, hafi verið „insolvent“, þegar kaup þessi gerðust. Hafi stefndi keypt bifreiðina af stefnendum eingöngu í þeim tilgangi að koma víxlum þessum inn á þá, enda selt bifreiðina aftur nokkrum dögum síðar með halla. Hins vegar hafi stefndi talið samþykkjanda víxlanna í viðtali öruggan og látið ógetið, að hann vildi ekki gefa þá út.

Af hálfu stefnda er haldið fram, að stefnendur hefðu þekkt Magnús Guðmundsson og verið fúsir að taka umrædda víxla, eins og þeir voru, sem hluta af andvirði bifreiðarinnar.

Stefndi hefði tekið fram, að hann vildi ekki ábyrgjast greiðslu víxlanna og því ekki gefið þá út. Hins vegar hefði hann að sjálf-sögðu gert ráð fyrir, að víxlarnir yrðu greiddir í gjalddaga, því stefnda hefði alls ekki verið kunnugt um greiðsluvandræði hjá samþykkjanda um það leyti. Stefndi hefði þekkt Magnús Guðmundsson vel, frá því þeir voru bekkjarbræður í Verzlunarskóla Íslands. Þeir hefðu átt nokkur viðskipti saman og stefndi oft áður átt víxla á hendur Magnúsi og jafnan fengið þá greidda, og síðast í ársbyrjun 1954, að hann minnti.

Þá mótmælti stefndi sérstaklega, að Magnús Guðmundsson hafi verið „insolvent“, er umrædd viðskipti áttu sér stað, og ekkert liggi fyrir um það enn, að hann sé „insolvent“, því bú Magnúsar hafi ekki verið tekið til gjaldprotaskipta.

Þá skal vikið að öðrum upplýsingum, sem fram hafa komið og máli skipta.

Þann 2. júní 1955 fór fram fjárnám hjá Magnúsi Guðmundssyni fyrir sáttum að upphæð kr. 16.500.00, auk vaxta og kostnaðar. Voru þá skrifaðir upp þessir munir í verzluninni Áhöld: Peninga-skápur, peningakassi, búðardiskar, veggskápur og ritvél, enda mun verzluninni hafa verið lokað eftir þetta.

Þann 26. apríl 1956 fór fram árangurslaust fjárnám hjá sama Magnúsi Guðmundssyni fyrir dómsskuld vegna tveggja fyrrgreindra víxla, kr. 5.000.00, og gat Magnús þá hvorki greitt né vísað á neinar eignir.

Sumarið 1954 hafði Magnús Guðmundsson keypt af stefnda bif-

reið á 40 þús. kr., að Magnús minnti, og var andvirði bílsins greitt með vixlum, þar á meðal vixlum þeim, sem um er að ræða í máli þessu.

Síðari hluta aprílmánaðar 1955 gerði stefndi tilraun til að losna við vixla þessa sem greiðslu í sambandi við húsakaup, sem hann hugði á, en það strandaði á, að stefndi vildi hvorki ábyrgjast vixlana sjálfur né útvega ábyrgðarmann á þá, sem seljandi hússins tæki gilda.

Svo sem mánuði áður en kaup þau gerðust, sem mál þetta snýst um, reyndi stefndi aftur að koma út vixlunum. Stóð hann í samningum um bílakaup, en vildi greiða kaupverðið, kr. 40 eða 45 þús., að verulegu leyti með umræddum vixlum, en ekki varð úr kaupum, vegna þess að seljanda leizt ekki á vixlana, enda voru vixlarnir þá óútgefdir, en stefndi neitaði að gefa þá út.

Upplýst er í málinu, að stefndi hefur verið fastur áskrifandi að Kaupsýslutíðindum frá því um haustið 1954.

Eru lögð fram sex mismunandi tölublöð, sem út komu á tíma-bilinu 25. september 1954 til 14. júní 1955, og eru birtir þar skuldadómar á hendur Magnúsi Guðmundssyni eða verzluninni Áhöld, sem hann átti, einn í hverju blaði, nema þrír í blaðinu, sem kom út 6. október 1954.

Í máli þessu er og upplýst, að lögfræðingur Magnúsar Guðmundssonar hafði leitað nauðasamninga fyrir hann í ágústmánuði 1955, en það mun ekki hafa borið árangur.

Þá hefur stefndi skýrt svo frá, að hann hafi selt aftur bifreið þá, er hann keypti af stefnendum nokkrum dögum síðar, fyrir svipað eða sama verð og hann hafði keypt hana, því hann hafi talið, að bifreiðin mundi ekki henta sér.

Af því, sem hér hefur verið rakið um efni málsins, telur dómarrinn fram komnar ástæður til að ætla, að stefndi hafi haft vitneskju um, að vixlar þeir, sem hann greiddi mikinn hluta af andvirði umræddrar bifreiðar með, væri ótrygg greiðsla, en hann mátti vita, að kaupin byggðust á því af hálfu seljanda, að um örugga greiðslu væri að ræða, og ber því með vísan til 30. gr. sbr. 32. gr. laga nr. 7/1936 að dæma stefnda til endurgreiðslu umræddra vixla, kostnaðar og vaxta, eins og dómkrafan hljóðar, enda enginn ágreiningur um hana reikningslega.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Björn Mekkinósson, greiði stefnendunum, Vigfúsi Sigurðssyni og Sigurbjarti Vilhjálmsyni, kr. 22.860.00, auk 6% ársvaxta frá 14. nóvember 1955 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. maí 1958.

Nr. 178/1957. **Högni Jónsson** (sjálfur)

gegn

Hólmfriði Kristjánsdóttur. (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1957. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera héraðsdóminn undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, er ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Hólmfriður Kristjánsdóttir, greiði áfrýjanda,